

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. janúar 2012
Tilvísun: UST20120100174/mik

Efni: Eldi á bleikju í Galtalæk, Rangárþingi ytra - umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. janúar 2012 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Með ofangreindu erindi barst kynningarskýrsla Íslenskrar matorku ehf. um fyrirhugaða framkvæmd.

Starfsemi

Í skýrslu frá Íslenskri matorku ehf. um eldi á bleikju í Galtalæk, Rangárþingi ytra kemur fram að fiskeldisstöðin í Galtalæk hefur verið starfrækt frá árinu 1985. Íslensk matorka ehf. keypti stöðina í september 2010 úr þrotabúi Eldisstöðvarinnar Fellsmúla og hefur verið unnið að endurskipulagningu á rekstrinum og viðhaldi á vatnskerfi og kerjum með það að markmiði að nýta stöðina betur.

Fram kemur að fyrirhugaðar breytingar á fiskeldisstöðinni fela í sér að auka magn af framleiddum fiski þannig að ársframleiðsla fari yfir 20 tonn og að fyrirtækið sækir um starfsleyfi fyrir 200 tonna framleiðslu af bleikju í Galtalæk. Einnig kemur fram að meðallífmassi á hverjum tíma sé 90 tonn. Í skýrslunni kemur fram að núverandi starfsemi sé framleiðsla á bleikju sem kemur í stöðina sem u.þ.b. 70 g seiði frá Fellsmúla og að eldistíminn sé 8-12 mánuðir. Fram kemur að framleiðsla árið 2011 hafi verið um 10 tonn en að framleiðslugeta kerja sé um 120 tonn á ári.

Framkvæmdir munu fela í sér að fjögur fiskeldisker verði fjarlægð og eitt lengdarstraumsker með hvirfilsíum og trektum byggt að danskri fyrirmynd, verði sett í staðinn. Lífrænn úrgangur safnast saman í tank sem verður tæmdur reglulega með haugsugu í stað þess að hann fari með frárennsli út í Galtalæk. Þannig mun verða hægt að auka framleiðslu í fiskeldinu án aukinnar mengunar af völdum lífræns úrgangs með frárennsli. Einnig er gert ráð fyrir að koma upp síló og fóðurkerfi við stöðina.

Í skýrslu kemur fram að öll útiker verða varin með dúk eða neti og að vargfugl eða önnur villt dýr hafi ekki aðgang að hreinsivirki í setþró þar sem það sé lokað. Gert er ráð fyrir að girðing og hlið verði sett á lóðarmörk til að loka starfsemina af fyrir óviðkomandi umferð. Framkvæmdaraðili nefnir einnig að förgun fóðurleifa og dauðs fisks verði á viðurkenndum förgunarstað.

Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdir og rekstur fyrirtækisins verði í takt við gildandi aðalskipulag, lög og reglugerðir sem starfsemi af þessum toga heyrir undir. Einnig kemur fram að deiliskipulag fyrir svæðið hefur verið í vinnslu undanfarna mánuði.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd vegna starfsleyfis framkvæmdaraðila. Framleiðsla í Galtalæk er sögð hafa verið rekin á starfsleyfi fyrir eldisstöðina í Fellsmúla sem gefið hafi verið út af Hollustuvernd ríkisins 19. apríl 2000. Í starfsleyfinu er heimild til ársframleiðslu á 60 tonnum af laxaseiðum og urriða í landi Fellsmúla í Landsveit og hefur starfsemin í Galtalæk skv. því verið rekin án starfsleyfis í einhvern tíma. Umrætt starfsleyfi féll úr gildi 20. apríl 2010. Fram kemur í skýrslu að Íslensk matorka ehf. keypti eignir úr þrotabúi Eldisstöðvarinnar Fellsmúla í september 2010 og tók við rekstrinum. Í skýrslunni kemur einnig fram að breytingar hafi orðið á starfsemi fyrirtækisins á gildistíma starfsleyfis í Fellsmúla þannig að ræktaðar hafa verið aðrar tegundir í fiskeldinu en heimild var fyrir. Nýtt starfsleyfi var gefið út til Íslenskrar matorku ehf. fyrir fiskeldisstöðina í Galtalæk af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 27. október sl. en skv. reglugerð nr. 785/199 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er heilbrigðiseftirliti heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir fiskeldi allt að 20 tona framleiðslu þar sem fráveita er í ferskvatn.

Umhverfisáhrif

Í skýrslu Íslenskrar matorku ehf. kemur fram að aðstæður á lóð fiskeldisstöðvarinnar í Galtalæk séu þannig að lóðin liggja að Galtalæknum og að öll óviðkomandi umferð sé bönnuð um svæðið og meðfram læknum. Frárennsli frá stöðinni fellur í Galtalæk neðan við stöðina sem fellur síðan í Ytri-Rangá um 2,5 km neðar. Í skýrslunni kemur einnig fram að sérstök hætta er á smiti frá villtum fiski í eldisfisk en að smit gangi ekki í hina áttina .

Það er mat rekstraraðila í Galtalæk að hægt sé að auka töluvert framleitt magn af fiski án þess að það hafi neikvæð áhrif á umhverfið með því að gera fyrirhugaðar endurbætur á stöðinni.

Ekki kemur fram í skýrslu hvort einhverjar rannsóknir hafi farið fram á lífríki Galtalækjar og Ytri-Rangár í tengslum við fiskeldið í Galtalæk né mælingar á frárennsli frá stöðinni. Þó kemur fram að við útrás á frárennsli stöðvarinnar í Galtalæk sé ekki um að ræða set eða útfellingar, þekjur af rotverum, olía eða froða, sorp, aðrir aðskotahlutir eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Einnig að þynning frárennslis út í Galtalæk sé það mikil að ekki sé talið að það hafi neikvæð áhrif á læki fyrir neðan stöðina.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að ofangreind starfsemi og framkvæmdir eins og þær eru settar fram í skýrslu framkvæmdaraðila, muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að öll hreinsitækni verði miðuð við bestu fánlegu tækni (BAT).

Stofnunin telur mikilvægt að sett verði ákvæði í starfsleyfi um vöktun á frárennsli frá fiskeldisstöðinni og á lífríki Galtalækjar og gerð verði grein fyrir viðeigandi ráðstöfunum komi til þess að magn efna mælist í frárennsli yfir mörkum skv. starfsleyfi og gildandi lögum og reglugerðum.

Umhverfisstofnun telur í ljósi ofangreinds að framkvæmdir og starfsemi fyrirhugaðs fiskeldis í Galtalæk skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

A. Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Guðrún Lára Pálmadóttir

Guðrún Lára Pálmadóttir
Sérfræðingur

